

Reykjavík 28.maí 2010

Varanlegar breytingar á stöðu íslenskra fjölmiðla.

Creditinfo vinnur að viðamikilli rannsókn á fjölmiðlum og fréttum og eru helstu niðurstöður þeirrar rannsóknar kynntar í þremur hlutum á tímabilinu maí til júní 2010. Annar hluti rannsóknar er birtur hérmeð en í honum má sjá framhald á því hvers vegna gömlu miðlarnir eiga undir högg að sækja. Ekki aðeins er samdráttur í magni fréttu þeirra mikill og fréttuflutningur mun einhæfari nú en áður, heldur bætast nú við upplýsingar sem sýna að verulegur skortur er á trausti til fjölmiðla. Á sama tíma vex notkun vefmiðla hratt.

Í nýlegri könnun sem framkvæmd var fyrir Creditinfo má sjá að almenningur dregur hlutlægni fjölmiðla í efa þegar verið er að fjalla um orsakir efnahagshrunsins ásamt því að vera hugsi yfir áhrifum eigenda á fréttuflutning. Gögn Creditinfo hafa sýnt að gömlu miðlarnir eru nú að fjalla um sömu aðila og þeir fjölluðu mest um fyrir bankahrun. Vegna meiri hraða og fjölbreyttara efnisvals vefmiðla er þetta ekki eins áberandi hjá þeim. Einnig er þar um að ræða yngir miðla sem fjölluðu ekki um „góðærið“ á sama hátt eða voru stofnaðir eftir hrun. Þetta veldur því að neikvæð umræða um eignarhald loðir ekki eins mikið við vefmiðlana.

Tæknilegt forskot vefmiðla gerir þeim kleift að bjóða uppá meira efni á meiri hraða en prent- og ljósvakamiðlar. Vefurinn er jafnframt auðveldari aðgangur miðlunar sem minnkað hefur verulega í öðrum formum. Gott dæmi er vettvangur gömlu „flokksmiðlana“ sem nú birtast í formi vefútgáfa auk þess sem vefmiðlar eru nýr vettvangur skoðanaskipta almennings. Sem dæmi um vægi vefmiðla nú í samanburði við aðra fjölmiðla skoðar Creditinfo sérstaklega umfjöllun um Rannsóknarskýrslu Alþingis þar sem rúmur helmingur fréttu henni tengdar hafa birst á netinu. Ítarefni um þennan kafla rannsóknar má sjá í viðauka en á bls 4 en í þessari samantekt má sjá fyrrgreindar niðurstöður úr öðrum hluta rannsóknar.

Nánari upplýsingar veitir undirritaður.


Magnús Heimisson stjórn málafræðingur

Forstöðumaður fjölmiðlagreininga Creditinfo.

Sími 866-1366, netfang magnus@creditinfo.is

Traust almennings.

Niðurstöður úr könnun sem Capacent gerði fyrir Creditinfo sýna að aðeins 18,6% aðspurðra segjast treysta vel umfjöllun fjölmiðla um orsakir efnahagshrunsins á Íslandi. Um 40% segist treysta illa umfjöllun fjölmiðla um orsakir efnahagshrunsins og jafn stór hópur tekur ekki afstöðu til spurningarinnar heldur svarar hvorki/né.




Flestir þeirra sem segjast treysta umfjöllun fjölmiðla illa um orsakir efnahagshrunsins segja skýringuna vera þá að fjölmiðlarnir séu hlutdrægir, eða 53,6%. Ríflega 20% segjast treysta þessari umfjöllun illa sökum eignarhalds á fjölmiðlum.

Könnunin var gerð dagana 30.mars - 9.apríl. Úrtakið var 1.168 einstaklingar af öllu landinu og svarhlutfall var 60,3%.


Breytt fjölmiðlanotkun.

Í fyrsta hluta rannsóknar Creditinfo sem kynnt var 2.maí síðastliðinn mátti sjá að um helmingur aðspurðra segist fylgjast meira eða minna með fréttum nú en fyrir bankahrun. Ef skoðaðar eru ástæður þeirra, sem segjast fylgjast meira með fréttum nú en fyrir bankahrun, má sjá að um þriðjungur segist vilja fá fréttir af ástandinu og jafnvel fréttir af spillingu. Um fimmtungur segir ástæðuna vera að þeir vilja fá fréttir af því hvað sé að gerast.

Miðað við ofangreindar skýringar fólks má gera ráð fyrir að vægi vefmiðla hafi aukist eftir bankahrun því tímasetningar og hraði fréttáutgáfu skiptir jafnvel meira máli nú en áður. Hreyfið meðaltal í þróun notkunar á vefmiðlum samkvæmt skráningum Modernus á tímabilinu 1.10.2007-17.5.2010 sýnir að notkun vefmiðla er að aukast jafnt og þétt og stefnir í enn meiri notkun en verið hefur.



Þá sýnir samanburður á sex mest lesnu vefmiðlunum að nýir vefmiðlar virðast bæta við notkun frekar en að dreifa úr henni miðað við þróun síðastliðinna tveggja ára. Þannig bætist pressan.is við 28.2.2009 sem eykur notkun í heild sinni auk þess sem eyjan.is hafði fyrir sýnt svipaða innkomu sumarið 2007, þ.e. tilkoma þeirrar útgáfu jók við notkun vefmiðla.



Vefmiðlar taka forystuna

Í ljósi þess hve lítill hluti almennings treystir vel umfjöllun fjölmiðla um orsakir bankahrunsins er það mat Creditinfo að vægi íslenskra vefmiðla hafi aldrei verið meira en nú né heldur hafi tækifæri vefmiðla verið jafn mörg og nú. Þannig munu vefmiðlarnir eiga mikilvægan þátt í að skapa trúverðugleika fjölmiðla á ný og/eða að fylla í þær eyður sem skapast hafa hjá þeim hópi fólks sem segjast fylgjast minna með fréttum nú en áður. Skýringar sem benda má á eru m.a. eftirfarandi:

- Um 75% þeirra sem fylgjast minna með fréttum nú en áður segja skýringuna vera þá að fréttir séu niðurdrepanði/neikvæðar eða einhæfar. Vefmiðlarnir eru sú tegund fjölmiðla sem líklegust er til að auka fjölbreytni fréttu án mikils tilkostnaðar, þvert á þá þróun sem sjá má í dagblaðaútgáfu.
- Vefmiðlarnir eru mun yngri fjölmiðlar en dagblöð og ljósvakamiðlar og tengsl þeirra við þátttakendur í fréttum árin fyrir hrun og/eða tengsl vefmiðlanna við einstaklinga (eigendur, ritstjóra, fréttastjóra) eru ekki eins sterk í huga almennings. Þannig komu bæði mbl.is og dv.is betur út en prentútgáfur sömu miðla í traustsmælingu sem MMR framkvæmdi á dögnum.
- Vefmiðlarnir er líklegasta tegund fjölmiðils til að uppfylla þarfir þeirra sem nú fylgjast meira með fréttum en fyrir bankahrun vegna þess að þeir bjóða upp á mesta magnið og mesta hraðann. Til dæmis hafa, frá því að skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis kom út 12.apríl, birst um 2.123 fréttir henni tengdar í helstu dagblöðum, ljósvakafréttum og vefmiðlum¹. Af þeim fréttum hafa 1.213 eða 57% þeirra birst á vefmiðlum. Athyglisvert er að þeir miðlar sem bæði halda úti prentútgáfu og netmiðli hafa allir birt fleiri fréttir á vefnum en í blöðum. (visir.is og Fréttablaðið eru ekki tekin með vegna þess að þeir miðlar hafa sitthvorn ritstjórnann)

¹ Nánari tölfræði um Rannsóknarskýrslu Alþingis í fjölmiðlum má sjá í viðauka

Prentmiðill	Fj. Frétta um RNA	Vefmiðill	Fj. Frétta um RNA	Hlutfall
DV	164	dv.is	181	10%
Viðskiptablaðið	41	vb.is	106	159%
Morgunblaðið	200	mbl.is	294	47%

- Vefmiðlarnir hafa þann eiginleika að geta tileinkað sér alla kosti bæði blaðaútgáfu og ljósvakamiðla. Þannig bjóða vefmiðlar þegar uppá ljósvakaefni í ýmsu formi ásamt því að rúma nánast óendanlega mikið magn skrifaðs texta. Þróunin erlendis sýnir að stórir aðilar í tækni- og fjarskiptageirunum sjá fyrir sé algjör samruna internets og sjónvarps sbr. samstarf Google, Sony, Intel og Logitech við þróun Google TV.

Meginiðurstöður Creditinfo: annar hluti.

Umhverfi rótgróinna fjölmiðla eins og dagblaða og ljósvakamiðla hefur breyst til framtíðar og vægi vefmiðla hefur aldrei verið meira en nú. Traust fjölmiðlanna er laskað og dagblöð og ljósvakamiðlar munu þurfa lengri tíma til að ná upp trausti almennings á ný. Kostnaðaraðhald mun gera þeim erfitt fyrir og er líklegt til að gera frétttaflutning þeirra einhæfari. Á sama tíma sjá netmiðlar sóknarfæri í aukinni kröfu um fjölbreyttar fréttir hraða upplýsingagjöf.

Þriðji og síðasti hluti rannsóknar Creditinfo mun fjalla um eigendur og eignatengsl fjölmiðla og er áætlað að niðurstöður verði kynntar um miðjan júní.

Viðauki

Frá því að skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis kom út 12. apríl hafa birst um 2.123 fréttir henni tengdar í helstu dagblöðum, ljósvakafréttum og vefmiðlum. Creditinfo heldur utan um fjölda fréttar sem birtast bæði í dagblöðum og ljósvakamiðlum og sýna gögnin að töluvert stórt hlutfall fréttar hefur tengst skýrslunni. Hlutfall fréttar um Rannsóknarskýrsluna af öllum birtum fréttum má sjá hér að neðan:

Prentmiðlar	Fréttir um RNA %	Ljósvakamiðlar	Fréttir um RNA %
Fréttablaðið	10,4%	Sjónvarpið	11,0%
DV	18,5%	Rás1 & Rás2	7,3%
Viðskiptablaðið	12,9%	Bylgjan	6,4%
Morgunblaðið	7,4%	Stöð 2	12,9%
Samtals	10,4%	Samtals	8,7%

Af þeim 2.123 fréttum sem birst hafa um Rannsóknarskýrsluna hafa 1.213 þeirra birst á vefmiðlum. Athyglisvert er að þeir miðlar sem bæði halda úti prentútgáfu og netmiðli hafa allir birt fleiri fréttir á vefnum en í blöðum. (visir.is og Fréttablaðið eru ekki tekin með vegna þess að þeir miðlar hafa sitthvorn ritstjórnann)

Prentmiðill	Fj. Fréttar um RNA	Vefmiðill	Fj. Fréttar um RNA	Hlutfall
DV	164	dv.is	181	10%
Viðskiptablaðið	41	vb.is	106	159%
Morgunblaðið	200	mbl.is	294	47%

Umfjöllun um Rannsóknarskýrslu Alþingis hefur síst breytt því hverjir eru til umfjöllunar. Þannig má sjá að á lista 10 efstu aðila sem nefndir eru í fréttum tengdum skýrslunni eru aðilar sem hafa verið áberandi í fréttum bæði fyrir og eftir hrún.

Aðili	Fjöldi fréttar
Samfylkingin	684
Glitnir banki hf	564
Landsbanki Íslands hf	552
Kaupþing banki hf	545
Sjálfstæðisflokkurinn	522
Seðlabanki Íslands	474
Forsætisráðuneyti	404
NBI hf	398
Vinstrihreyfingin-Grænt framboð	352
Fjármálaeftirlitið	351